



**Varðandi:** Samstarf um auknar eldvarnir - Eldvarnabandalagið  
**Málsnúmer:** 1502213  
**Dagsetning:** 25. mars 2015

---

**TILLAGA:**

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi samkomulag milli Eldvarnabandalagsins og Akraneskaupstaðar um samstarf um þróun og aukningu eldvarna hjá stofnunum Akraneskaupstaðar.

---

**GREINARGERÐ:**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 26. febrúar síðastliðinn að fela bæjarstjóra að hefja viðræður við Eldvarnabandalagið um samstarf vegna eldvarna, sbr. erindi Eldvarnabandalagsins dags. 18. febrúar.

Samkomulag um samstarf um þróun og aukningu eldvarna liggur nú fyrir. Markmið þess er að efla eldvarnir á heimilum og í fyrirtækjum og stofnunum og þróa verkefni sem geta nýst öðrum í sama tilgangi. Samkomulagið gildir frá undirritun til 1. október 2016.

Tímarammi verkefnisins er þannig að kynning verður á því til forstöðumanna stofnana Akraneskaupstaðar í vor og innleiðing eigin eldvarnaeftirlits hefst í september með tilnefningu eldvarnarfulltrúa og fræðslu fyrir fulltrúana og annað starfsfólk. Framkvæmd eigin eldvarnaeftirlits hefst svo í október og að lokum fer fram fræðsla fyrir umsækjendur húsaleigubóta í janúar 2016.

Hlutverk Akraneskaupstaðar sbr. framgang verkefnisins, er að boða forstöðumenn stofnana til kynningarfundar í vor. Í framhaldinu þarf að tilnefna eldvarnarfulltrúa í stofnunum bæjarins og skipuleggja fræðslu fyrir þá og annað starfsfólk í samstarfi við Eldvarnabandalagið. Eiginleg framkvæmd eldvarnaeftirlits í stofnunum er fyrirhugað frá og með 1. október 2015.



Akraneskaupstaður

Með vísan til framanritaðs gerir bæjarstjóri ofangreinda tillögu.

*Regína Ásvaldsdóttir*  
Regína Ásvaldsdóttir  
bæjarstjóri